

Samþykkt stjórnar 60+, Landshreyfingar eldri borgara innan Samfylkingarinnar

Stjórn 60+ lýsir áhyggjum vegna hugmynda um að gjaldfella námslán við 66 ára aldur hafi þau ekki verið að fullu greidd, eins og fram kemur í 20. gr. frumvarps til laga um Menntasjóð námsmanna. Hætt er við að þetta muni einkum bitnað á þeim sem verst standa fjárhagslega til dæmis þeirra, sem hafa misst atvinnu eða þurft að hætta störfum vegna veikinda.

Einnig verður að benda að 4. Iðnbyltingin, sem nú er hafin, hefur breytt því að nægjanlegt sé að fólk ljúki námi, áður en það hefur störf. Starfsfólk hjá fyrirtækjum og stofnunum sem og atvinnulífið í held sinni krefst þess að menntun sé haldið við og fólk afli sér þekkingar á nýjum sviðum. Þessir skilmálar eru því í mótsögn við það að samfélagið lagi sig að breyttri tækni 4. Iðnbyltingarinnar.

f.h. stjórnar 60+

Sólveig Ásgrímsdóttir